

REGLUR

um breytingu á reglum nr. 1205/2015 um beingreiðslusamninga við fatlað fólk og forsjáraðila fatlaðra barna í Reykjavík.

1. gr.

13. gr. reglnanna breytist og verður svohljóðandi:

Gildistími beingreiðslusamnings.

Í fyrsta sinn sem beingreiðslusamningur er gerður við notanda skal gildistími hans vera þrjú mánuðir. Aldrei skal gera beingreiðslusamning til lengri tíma en eins árs í senn.

2. gr.

1. másl. 29. gr. reglnanna breytist og verður svohljóðandi:

Reglur þessar eru settar með stoð í 55. gr. laga nr. 59/1992 um málefni fatlaðs fólks og kveða þær á um útfærslu á þjónustu sem sveitarfélögum er skylt að veita, sbr. VII. kafla laga nr. 40/1991 um félagsþjónustu sveitarfélaga og X. kafla laga nr. 59/1992 um málefni fatlaðs fólks.

3. gr.

Gildistaka.

Reglur þessar eru samdar og samþykktar af borgarráði og öðlast gildi 1. janúar 2018.

Reykjavík, 11. desember 2017.

F.h. borgarstjórans í Reykjavík,

Sigurður Björn Blöndal.